

Mál nr. 279/2010

**M
og**

vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um ábyrgð byggingarstjóra vegna lekaskemmda í fjöleignarhúsi.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 13.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.9.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er gjaldkeri húsfélagsins A og B í Reykjavík. Síðastliðið vor kveðst hann hafa tekið eftir “svaka svöðusári” á utanhúsklæðningu í kringum langan glugga við stigagang í A. Kveður M að sár þetta megí rekja til handvamar byggingarstjóra hússins, en það hafi valdið lekaskemmdum aðallega í tveimur íbúðum á 2. og 3. hæð að Básbryggju 19. Um sé að ræða vitlausan frágang af hálfu byggingarstjórans.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá tryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu. Krafa af þessum sökum mun einnig hafa verið höfð uppi gagnvart X á árinu 2003 og þá verið hafnað eins og nú.

Álit.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 267/2005, sbr. og dóm réttarins í máli nr. 318/2007, er því slegið föstu að á byggingarstjóra hvíli m.a. sú skylda að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdunum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð. Í gögnum máls þessa liggja ekki fyrir neinar matsgerðir eða önnur sönnunargögn sem sýna fram á að skemmdir á klæðningu hússins eða lekaskemmdir í íbúðunum að Básbryggju 19 megí rekja til þess að byggingarstjóri hafi á saknæman hátt vanrækt skyldur sínar við byggingu hússins. Telst því ósannað að byggingarstjórinn beri ábyrgð á tjóninu. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá X.

Niðurstaða.

Tjónið bættist ekki.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.